

HPE-2018-04 Gróðurhús

Umsækjandi er Jónína Sigurbjarnardóttir. Verkefnið er framhald verkefnis sem áður hefur fengið styrk frá Hrísey, perlu Eyjafjarðar. Jónína hefur verið að koma sér upp aðstöðu til ræktunar á berjum í gróðurhúsum. Í þessari umsókn sækir hún um styrk til þess að kaupa stærra gróðurhús svo auka megi við fjölbreytnina í ræktuninni. Hún sér fyrir sér að geta jafnvel, með tíð og tíma, selt frá sér grænmeti og ber til ferðamanna eða jafnvel í búðina.

Verkefnið fellur vel að markmiðum byggðapróunarverkefnisins að því leiti að það styður við framleiðslu á hríseyskum afurðum og gæti jafnvel orðið atvinnuskapandi.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.